



Fundarboð

Árni Snorrason

Forstöðumaður Vatnamælinga Orkustofnunar heldur fyrirlestur á vegum
Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu
miðvikudaginn 22. febrúar 2006, kl. 20:00

Vatnafræðilegar rannsóknir á Heimskautaárinu 2007-2008

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um vatnafræðilegar rannsóknir innan Heimskautaársins 2007-2008, en þetta er í fjórða sinn sem heimskautin eru gerð að aðalvettvangi vísindasamfélagsins. Að Heimskautaárinu standa annars vegar Alþjóðavísindasambandið, ICSU, (International Council of Scientific Unions) og hins vegar Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO. Þessir aðilar kölluðu eftir hugmyndum að rannsóknum á öllum fræðasviðum sem tengjast myndu Heimskautaárinu og fengu inn um 1300 tillögur sem síðan hafa verið samþættar í um 200 verkefni. Eitt þessara verkefna er Arctic-HYDRA, sem er regnhlíf fyrir flest vatnafræðileg verkefni sem unnin verða á norðurhvara innan Heimskautaársins. Verkefni þessi samanstanda annars vegar af samhæfðu neti vatnamælinga sem spanna á vatnasvið Norðurhafa og hins vegar af rannsóknvatnasviðum þar sem ítarlegar rannsóknir fara fram á hringrás vatnsins á norðurslóð. Meginmarkmið Arctic-HYDRA er að ná betri skilningi á hringrás vatns á norðurslóðum og leggja á grundvelli þess fram mat á innrennsli ferskvatns til Norðurhafa, en einungis hluti þess innrennslis er mældur. Þannig þarf að beita vatnafræðilegum líkönum samþættum við mælingar á veðri, vatni, jöklum, sífrera og öðrum þeim þáttum sem ráða vatnafari. Innrennsli ferskvatns er talið vera veigamikill þáttur í breytileika í veðurfari og ástandi hafsins á norðurslóð, sem aftur hefur hnattræn áhrif í hafi og á veður og vatnafar.

Árni lauk B.S. prófi í eðlisfræði frá HÍ 1978 og doktorsprófi í vatnaverkefnafræði frá University of Illinois 1983. Hann hefur verið forstöðumaður Vatnamælinga Orkustofnunar frá 1987.

Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.